

Minnisblað

Alþingi
Erindi nr. Þ 120 / 1981
komudagur 13 / 5 1996

Viðtakandi: Formaður allsherjarnefndar Alþingis

Dagsetning: 11. maí 1996

Höfundur: Sigurður T. Magnússon, skrifstofustjóri

Efni: Um breytingar á ákvæði um yfirstjórn leitar- og björgunar.

Ég bar tillögur um breytingar á 6. gr. um yfirstjórn lögreglustjóra á leitar- og björgunaraðgerðum munnlega undir Björn Hermannsson hjá Landsbjörgu og sendi honum þær á faxi. Hann taldi breytingarnar ásættanlegar.

Hringdi í Baldvin Einarsson formann Félags íslenskra rannsóknarlögreglumanna og stjórnarmann í Landssambandi lögreglumanna og hann taldi að um heppilega málamiðlun við björgunarsveitirnar væri að ræða.

Minnisblað

Viðtakandi: Ritari allsherjarnefndar Alþingis

Dagsetning: 11. maí 1996

Höfundur: Sigurður T. Magnússon, skrifstofustjóri

Efni: Uppkast að breytingartillögum við frumvörp til lögreglulaga og um breyting á lögum um meðferð opinberra mála.

I.

Frumvarp til lögreglulaga

Breytingartillögur

við frv. til lögreglulaga.

Frá allsherjarnefnd

1. Við 6. gr. Við bætist ný málsgrein sem verði 3. mgr. og orðist svo:
 - a. Lögreglustjórar fara með yfirstjórn leitar- og björgunaraðgerða á landi. Um björgun sem heyrir undir skipulag almannavarna gilda lög þar um. Ráðherra setur reglur um samstarf lögreglu og björgunarsveita.
 - b. Röðun annarra málsgreina breytist þannig að 3. mgr. frumvapsins verður 4. mgr. og 4. mgr. verður 5. mgr.
2. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
 1. Lögregla annast rannsókn brota í samráði við ákærendur.
 2. Rannsókn brots skal að jafnaði hefja í því umdæmi sem það er framið, sbr. þó ákvæði a- og b-liða 2. mgr. 5. gr.
 3. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um í hvaða umdæmi brot skuli rannsakað, hvernig stjórn rannsóknar skuli háttað, hvenær brot skuli rannsakað undir stjórn ríkislögreglustjóra, samkvæmt a-lið 2. mgr. 5. gr. og hvenær lögreglustjórum sé rétt að leita aðstoðar ríkislögreglustjóra vegna rannsóknar samkvæmt b-lið 2. mgr. 5. gr.
 4. Við embætti lögreglustjórans í Reykjavík skal starfrækt tæknideild sem sinni vettvangsrannsóknnum og öðrum slíkum rannsóknum. Tæknideildin skal þjóna öllum lögregluumdæmum og setur dómsmálaráðherra nánari reglur um starfrækslu hennar.
3. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
 - a. 2. mgr. 9. gr. orðast svo: Dómsmálaráðherra er heimilt í undantekningartilvikum að fela öðrum starfsmönnum lögreglu lögregluvald tímabundið til að sinna sérstökum verkefnum.
 - b. 4. mgr. 9. gr. orðast svo: Ríkistollstjóri, tollstjórar, löglærðir fulltrúar þeirra og tollverðir fara með lögregluvald á sínu starfssviði og þegar þeir annast eða aðstoða við löggæslu.

4. Við 10. gr.
Í stað tilvitnunar til "39. gr." kemur: 38. gr.
5. Við 18. gr.
Í stað orðanna "er heimilt" kemur: ber.
6. Við 20. gr.
Í stað orðanna "geta lögreglumenn" kemur: getur lögregla.
7. Við 22. gr. Síðari málslíður 1. mgr. 22. gr. orðast svo:
Tekur þetta til upplýsinga um einkahagi manna sem eðlilegt er að leynt fari, upplýsinga sem varða starfshætti lögreglu og fyrirhugaðar lögregluaðgerðir og annarra upplýsinga sem leynt skulu fara samkvæmt lögum, starfsreglum lögreglu, eða eðli máls.
8. Við 28. gr.
Í stað tilvitnunar til "39. gr." kemur: 38. gr.
9. Við 32. gr. Greinin orðast svo:
 1. Heimilt er að fela lögreglumanni að vinna fyrir sanngjarnt endurgjald aukastörf í þágu ríkisins enda valdi það ekki vanrækslu á þeim störfum er stöðu hans fylgja. Að öðru leyti er lögreglumönnum óheimilt, án samþykkis ríkislögreglustjóra, að hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkafyrirtækja eða reka sjálfstæða starfsemi.
 2. Heimild til að sinna aukastarfi skal ekki veita ef ástæða er til að ætla að aukastarfið valdi vanrækslu á þeim störfum er stöðu fylgja, ástæða er til að ætla að það brjóti á einhvern hátt í bága við lögreglustarfið eða það geti með öðrum hætti hamlað því að viðkomandi geti sinnt lögreglustarfinu forsvaranlega. Heimilt er að afturkalla slíka heimild hvenær sem er ef ástæða þykir til en gefa skal lögreglumanni hæfilegan frest til að láta af aukastarfinu ef kostur er.
 3. mgr. 32. gr. falli brott.
10. Við 35. gr. Greinin orðast svo:
Berist kæra á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa sinna, eða vakni grunur um slíkt brot, skal lögreglustjóri þegar í stað tilkynna ríkissaksóknara um ætlað brot. Ríkissaksóknari stýrir rannsókn málsins.
11. Við 37. gr. 1. mgr. 37. gr. orðast svo:
Forseti Íslands skipar skólastjóra Lögregluskóla ríkisins. Hann skal fullnægja sömu skilyrðum fyrir skipan í embætti og lögreglustjórar og hafa staðgóða þekkingu á lögreglumálefnum.
12. Við 38. gr.
 - a. b-liður 2. mgr. 38. gr. orðast svo: vera andlega- og líkamlega heilbrigð og standast læknisskoðun trúnaðarlæknis.
 - b. Í c-lið 2. mgr. 38. gr. falla brott orðin "grunnskólaprófi og".

- c. Í stað orðsins "kröfun" í d-lið 2. mgr. 38. gr. kemur: kröfum
12. Við 43. gr. Við 43. gr. bætist nýjar málsgreinar sem orðist svo:
11. Í stað orðsins "lögglumönnum" í 4. mgr. 52. gr. laga um loftferðir nr. 34/1964, kemur: lögreglu.
 12. Í stað orðsins "lögglumönnum" í 3. mgr. 24. gr. laga um aðför nr. 90/1989, kemur: lögreglu. Í stað orðsins "Lögglumönnum" í 1. mgr. 29. gr. sömu laga, kemur: Lögreglu.
 13. Í stað orðsins "lögglumönnum" í 1. mgr. 32. gr. laga um kyrrsetningu og lögbann nr. 31/1990, kemur: lögreglu.
 14. Í stað orðsins "lögglumönnum" í 3. mgr. 36. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991, kemur: lögreglu. Í stað orðsins "Lögglumönnum" í 2. mgr. 60. gr. sömu laga, kemur: Lögreglu.
 15. Í stað orðanna "lögglumenn liðsinna við aðför skulu þeir að jafnaði vera óeinkennisklæddir." í 3. mgr. 75. gr. barnalaga nr. 20/1992, kemur: lögregla liðsinnir við aðför skal hún að jafnaði vera óeinkennisklædd.
13. Við bætist nýr kafli er verður X. kafli og ber yfirskriftina "Ákvæði til bráðabirgða".
14. Við bætist ný grein, 44. gr., sem ber yfirskriftina "Niðurlagning Rannsóknarlögreglu ríkisins". Greinin orðist svo:
1. Starfsmenn Rannsóknarlögreglu ríkisins skulu við skipun í nýtt starf njóta áunninna réttinda sinna.
 2. Dómsmálaráðherra skipar nefnd fimm manna til ráðgjafar og eftirlits með niðurlagningu Rannsóknarlögreglu ríkisins og skipun starfsmanna hennar í stöður við embætti ríkislögreglustjóra, lögreglustjórans í Reykjavík og önnur embætti. Ráðherra skipar einn fulltrúa í nefndina án tilnefningar. Eftirtaldir aðilar skulu tilnefna hina fjóra: Starfsmenn rannsóknarlögreglu ríkisins, Landssamband lögreglumanna, Stéttarfélag lögfræðinga í ríkisþjónustu og Sýslumannafélag Íslands.
15. Við bætist ný grein, 45. gr., sem ber yfirskriftina "starfslok lögreglumanna". Greinin orðist svo:
- Dómsmálaráðherra skipar nefnd fimm manna sem vinna skal tillögur um hvernig bregðast skuli við hækkandi meðalaldri lögreglumanna. Nefndin skal meðal annars leita leiða til að finna lögreglumönnum sem komnir eru yfir 60 ára aldur og vilja skipta um starfsvettvang önnur störf hjá ríkinu. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa forsætisráðuneytisins, einum fulltrúa dómsmálaráðuneytisins, einum fulltrúa fjármálaráðuneytisins og tveimur fulltrúum tilnefndum af Landssambandi lögreglumanna.

II.**Frumvarp um breyting á lögum um meðferð opinberra mála.****Breytingartillögur**

við frv. um breyting á lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991.

Við 7. gr. 7. gr. orðist svo:

1. Í stað orðsins "Lögreglumönnum" í 1. mgr. 97. gr. laganna kemur: lögreglu.
2. Í stað orðsins "Lögreglumönnum" í 1. mgr. 98. gr. laganna kemur: lögreglu.
3. E- og f-liðir 98. gr. laganna falla brott.